

Skipulags- og umhverfisfulltrúi Vestmannaeyja
Ráðhúsinu
Kirkjuvegur 50
900 Vestmannaeyjabær

Garðabær, 14. febrúar 2023
Málsnúmer: 202301-0118
IAS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035, vegna styttingar Hörgeyrargarðs.

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyjabæjar, dags. 25. janúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna styttingar Hörgeyrargarðs.

Gert er ráð fyrir að Hörgeyrargarður verði stytur um allt að 90 m og að líklega verði það gert í áföngum. Samhliða verður dýpkað á grynningasvæði umhverfis garðinn. Vegna framkvæmdanna verður lagður tímabundinn vegur að garðinum og verður efni úr garðinum sem ekki verður nýtt strax til styrkingar hafnarmannvirkja haugsett til bráðabirgða á svæði við höfnina eða því fundinn annar staður til tímabundinnar geymslu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Ekki kemur fram nákvæm lega vegarins né hver lengi áætlað er að hann muni vera til staðar. Mikilvægt er að raska ekki fjörunni við Löngu og tryggja þar sjávarfallaskipti á meðan á framkvæmdum stendur. Í Löngu er m.a. æðarvarp og aðrir fuglar nýta fjöruna sem setstað. Þá er æskilegt að framkvæmdir standi ekki yfir í langan tíma og að gætt verði að mengunarvörunum frá vinnuvélum og fyrirleggjandi lögnum svo ekki verði olíumengun í höfninni.

Ekki kemur heldur fram nákvæm staðsetning á bráðabirgða geymslusvæði fyrir efni sem fellur til við framkvæmdirnar en þar þarf að tryggja að það valdi ekki óþarfa raski og verði ekki til lýta.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsingu en er tilbúin að veita frekari ráðgjöf ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

